

Slysum hefur fækkað um helming:

„Treystum á fólk að halda áfram vöku sinni“

— segir lækni á slysadeildinni

„FYRSTU 12 dagana í nóvember fengum við til meðferðar 81 slasaðan úr umferðinni en síðan hefur stórlega dregið úr fjölda slasaðra. Ég gæti trúað að það væri helmingsmunur,“ sagði Haukur Árnason lækni á slysadeild Borgarspítalans í samtali við Morgunblaðið í gær. „Það er greinilegt að sú mikla herferð sem fjölmiðlar hafa verið með upp á síðkastið hefur haft áhrif. Fólk virðist hafa gætt betur að sér í umferðinni og nú verðum við bara að treysta á að það haldi því áfram,“ sagði Haukur.

Ráðstefna SUS um landbúnaðarmál í dag

SAMBAND ungra sjálfstæðismanna gengst í dag fyrir ráðstefnu um landbúnaðarmál í Félagsheimilinu Fólkvangi á Kjalarnesi. Ráðstefnan hefst klukkan 10 árdegis og að lokinni setningu fjalla þrír ungir bændur um spurninguna: Er róttækra breytinga þörf í landbúnaði? Eftir hádegi ræðir Gunnar Bjarnason ráðunautur, um nýja möguleika til innlendra fæðufæðis og Pálmi Jónsson, alþm., og Jónas Kristjánsson, ritstjóri um spurninguna: Er verðmyndunarkerfi landbúnaðarins úrelt? Einnig verða almennar fyrirspurnir og umræður. Í hádegi snæða ráðstefnugestir hádegisverð og þar flytur Ingólfur Jónsson, fyrrv. ráðherra, ávarp.

Oskar Olason yfirlöggregluþjónn umferðarmála í Reykjavíkurlög-reglunni tók í sama streng. „Vegfarendur hafa sýnt að hægt er að halda slysum í skefjum með því að vera vakandi í umferðinni og nú er fyrir öllu að þeir haldi vöku sinni,“ sagði Oskar. Hann sagði að herferð fjölmiðla hefði greinilega haft geysimikla þýðingu og einnig taldi hann að hert eftirlit lögreglu hefði haft sitt að segja. „Ég ítreka það að lögreglan mun áfram hafa góðar gætur á umferðinni og við treystum á vegfarendur að láta okkur hafa sem minnst að gera.“

Hjá Hauki Árnasyni lækni fékk Morgunblaðið þær upplýsingar, að 10 fyrstu mánuði ársins hefði slysadeildin fengið 41 úr umferðinni með höfuðkúpbrot og brotin andlitsbein, hryggbrot voru 17, fótleggja- og öklabrot 40, lærleggjabrot 17, upp- og fram-handleggsbrot 33, áverkar í andliti 341, sár á fótleggjum 160, áverkar á brjósti og kviðarholi 23 og höfuðkúpu- og mænuáverkar 137. Þetta eru ískyggilegar tölur og segja betur en margt annað hver nauðsyn er á bættri umferðarmenningu.

Þá hafði Morgunblaðið í gær samband við gjörgæzludeild Borgarspítalans og spurðist fyrir um liðan fólksins sem legið hefur meðvitundarlaus. Deildinni eftir umferðarslys. Fungust þær upplýsingar að 68 ára gamla konan frá Keflavík væri nú útskrifuð af deildinni en 15 ára pilturinn sem féll af vélhjól á Laufásvegi og 21 árs piltur sem slasaðist í bílslysi á Djúpavogi væru enn meðvitundarlausir og í lífshættu.

Lombardy teflir fjöltefli

BANDARÍSKI stórmeistarinn William Lombardy teflir í dag fjöltefli í Íðnaðarmannahúsinu í Keflavík kl. 14. Á morgun fer hann til Vestmannaeyja og teflir þar fjöltefli við heimamenn kl. 14. Keppnisstaður verður auglýstur nánar í götuumgöngu þar í bæ. Allir skákáhugamenn eru velkomnir.

Fjórir íþróttamenn heiðraðir

Hörður Sigmarsson, Jón Alfreðsson, Marteinn Geirsson og Matthías Hallgrímsson hlutu verðlaun Morgunblaðsins

Í GÆR voru hin árlegu verðlaun sem Morgunblaðið veitir íþróttamönnum afhent í kaffibóði sem blaðið bauð til á Hótel Loftleiðum. Að þessu sinni hlutu fjórir íþróttamenn viðurkenningu blaðsins: Hörður Sigmarsson, handknattleiksmaður, og knattspyrnumennirnir Jón Alfreðsson, Marteinn Geirsson og Matthías Hallgrímsson. Afhenti Haraldur Sveinsson, framkvæmdastjóri Morgunblaðsins, þeim Herði, Jóni og Marteinu verðlaun sín, en Gunnar Sigurðsson, formaður Knattspyrnuréðs Íþróttabandalags Akraness, tók við verðlaunum Matthíasar Hallgrímssonar, sem ekki gat verið viðstaddur.

Steinar J. Lúðvíksson, íþróttfréttamaður Morgunblaðsins, gerði grein fyrir verðlaunum blaðsins. Sagði hann að þetta væri í fimmta sinn sem blaðið heiðraði knattspyrnumenn og í fjórða sinn sem handknattleiksverðlaun væru veitt. Fyrirkomulag við

GÓMUL hús og verndun þeirra verða í sviðsljósinu um þessa helgi. Þá efna Umhverfismálaráð Reykjavíkur, Samband ísl. sveitarfélaga og Arkitektafélag Íslands, til ráðstefnu um húsfriðun í samráði við Sögufélagið, sem standa mun yfir í hátfóðsal Háskóla Íslands laugardag og sunnudag. Kjörorð ráðstefnunnar verður: „Að fortíð skal hyggja.“ Og á sama tíma opna nemendur í Myndlistar- og handfóðaskólanum til sýningar um Grjótaþorpið, og hefur sýningunni verið komið fyrir framan Bernhöftstorfuna.

Að sögn Hildar Hákonardóttur, skólastjóra, þá er svokölluð umhverfisteikning einn liður í náminu við skólann, Kjartan Guðjónsson leiðbeinir þessum

Verndun gamalla húsa á dagskrá yfir helgina:

Húsfriðunarráðstefna og Grjótaþorp til sýnis undir Bernhöftstorf

bekk en í honum eru 18 nemendur. Ákveðið var að taka þessa námsönn fyrir nú í nóvember til að hægt væri að fara út undir bert loft áður en of kalt yrði í veðri, og einnig var ákveðið að þessu sinni skyldi verða tekið fyrir ákveðið verkefni — Grjótaþorpið. Hins vegar var ekkert áformað um það fyrirfram hvernig tekið skyldi á verkefninu, en nemendurnir fóru og gerðu „vettvangsrannsókn“ svo að leitað sé fanga í orðasafni lögreglufréttaritara — nemendurnir skoðuðu sig sem sagt um í Grjótaþorpinu, reyndu að átta sig á því hvað það væri í raun og veru, fengu að fara inn í sögufræg hús eins og fjalaköttinn, inn á búðarloft, í bakgarða og reyndu að átta sig dálítið á sögu þess.

Hildur sagði, að að þessu loknu hefðu nemendurnir ásamt Kjartani farið að hugleiða hvernig vinna mætti úr

þessu efni og niðurstaðan orðað sú að þau hefðu ákveðið að koma upp sýningu um Grjótaþorpið í hópvinnu. Sýningin ætti að vera komin upp í dag og tengjast þannig húsfriðunarráðstefnunni sem þá stæði yfir í Háskólanum.

Svo að víkið sé frekar að húsfriðunarráðstefnunni verður hún sett kl. 9.30 af Birgi Ísleifi Gunnarssyni, borgarstjóra. Þá flytur dr. Kristján Eldjárn, forseti Íslands, ávarp en að því búnu flytur Vibeke Fischer Thomsen, arkitekt, erindi um endurnýjun gamalla borgarhluta og verndunarsjónarmið og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, fjallar um Húsfriðunarárið 1975.

Að loknu hádegisverðarhléi mun Þór Magnússon, þjóðminjavörður, fjalla um húsfriðun á Íslandi og ýmis vandamál í því sambandi, Björn Þorsteinson ræðir um skráningu húsa og minja, Páll Lindal um lög-

gjöf um húsfriðun og Nanna Hermannsson, forstöðumaður Árbæjarsafns, um stefnur um verndun gamalla bygginga.

Á morgun hefst ráðstefnan kl. 10 með erindi Þorsteins Gunnarssonar, arkitekts, um gamlar byggingar í Reykjavík og verndun þeirra, Jón Páll Halldórsson, formaður stjórnar byggðasafns Vestfjarða, fjallar um gamla bæinn á Ísafirði og vanda sveitarstjórna í sambandi við friðun húsa, Guðrún Jónsdóttir, arkitekt, fjallar um Bernhöftstorfuna og starfsemi áhugamannasamtaka og Hjörleifur Stefánsson, arkitekt, um byggingar sem lestrarefni.

Eftir hádegi mun Einar Hedén, borgarminjavörður í Stafangri, ræða um hagnýta húsaþvernd, og Baldvin Halldórsson, leikari, segir frá reynslu sinni af endurnýjun timburhúsa. Að því loknu verða almennar umræður um efni ráðstefnunnar.



Ljósmynd Ó.L.K.M.

Á BAK VIÐ ÞESSA HÖLL ER LÍTIÐ ÞORP — Eins og vænta má koma vistarverur Morgunblaðsins nokkuð við sögu á sýningu myndlistarnemanna, eins og sést á myndinni.

PANKASTRIK — — —

